

Að flytja sig til betri landa

Jakob Hálfðanarson, kaupfélagsfrömuður og borgari á Húsavík, segir í sjálfsævisögu sinni frá áformum Þingeyinga að flytja til Brasilíu. Kaflinn hefst á þennan hátt:

”Um miðbik aldarinnar, eins og líka lengst af tíma þeim, er landið hefur verið byggt, mun það hafa verið sérkennilegt við þjóðina, að ekki varð vart við, að nokkrum dytti í hug að flytja sig til annarra landa, eins og á öllum öldum tíðkast hjá öðrum þjóðum, og sem hlýtur að viðhaldast á meðan nokkur byggileg lönd eru til ónumin í heiminum.”

Svo segir Jakob frá því að mikil ráðagjörð hafi þotið upp að flytja sig til Grænlands en þaðan voru fagarar sögur hafðar eftir Sigurði Breiðfjörð og fleirum.

”Flokkur manna hafði þetta um skeið í áformi og var faðir minn einn af þeim.”

En hugmyndin hjaðnaði og Jakob segir:

”... engan mann heyrði ég nefna útflutning uppfrá því fyrri en veturinn 1859-60 – eftir hið voðalega áfall, sem búnaður margra varð fyrir það ár. Veit ég ei betur en að það væri Einar Ásmundsson í Nesi, sem fyrstur hreyfði því, að rétt væri að menn færu að flytja sig til betri landa, og af alkunnri bókmenntun sinni fann hann þá ekki annað land jafn líklegt til að hafa augastað á sem Suður-Brasilía í Suður-Ameríku.”

Jakob segir að sumarið 1860 hafi 3 ungir menn lagt af stað til Brasilíu en aðeins einn náði alla leið og settist að í ”Rio Janeiro”, Kristján Guðmundsson úr Reykjadal.

”Aftur, árið 1863, fóru 4 menn til nýlendunnar ”Donna Frasvila” í Suður-Brasilíu. Það var Jón nokkur Einarsson, er búíð hafði áður og uppalist í Svartáarkoti, og Jón sonur hans, Jónas Friðfinnsson, ungur trésmiður úr Bárðardal og Jónas Hallgrímsson, faðir Hermanns búfræðings á Hólum í Hjaltadal, - þessara langskynugastur og merkastur maður. Kona hans með 2 börnum var tekin á Grímsstöðum, - svo af förinni gæti orðið, - og hafði ég í huga þegar hann væri búinn að útvelja staðinn að koma á eftir með skuldalið.”

(Nafnið á nýlendunni er misritun í uppskrift. Hér er um að ræða þýsku nýlenduna Dona Francisca í fylkinu Santa Catharina. Borgin Curitiba í fylkinu Paraná sem nefnd er hér að neðan er rúma 100 km þar fyrir norðan.)

Jakob tók að undirbúa sig undir flutning og fór m.a. að læra þýsku og brjótast áfram í þýskri bók og þýskum útflytjendatíðindum. En svo liðu árin og ýmislegt kom upp á lífi Jakobs. Bréf bárust frá Brasilíu og eru þau fróðlegur aldarspegill, líka um lífið hér heima. Eitt þeirra frá Jónas Friðfinnssyni sem nú kallaði sig Bárðdal birtist í Akureyrarblaðinu Norðanfara.

NORÐANFARI, Akureyri 9. apríl 1873

Kaflinn úr brjefi frá Jakob óðalsbónda Hálfðanarsyni á Brettingsstöðum.

“Hjer kemur nú loksins það eptirþreiða brjef sem tapaðist með Rachel í sumar er leið, og bið jeg yður að láta nú Norðanfara færa lesendum sínum það hið allra fyrsta. Mjer þykir bezt að ekki sje breytt nema stafsetningunni, þar sem við þarf, en orðin látin halda sjer, svo að menn geti sjeð, að hvað miklu leyti Jónas Bárðdal (sem búinn er að vera á 10. ár í Brasilíu) hefur tapað móðurmáli sínu.

Herra M. Eiríksson, segir í miða sem fylgdi þessu brjefi, að hann hafi ekki neitt nýtt að skrifa mjer að þessu sinni, en í öðru brjefi frá Kaupmannahöfn er þess getið að Brasilíanski consúllinn hafi verið að útvega skip handa þeim, sem hjeðan ætla að flytja í sumar, og að varla sje efi á að það takizt, og að það muni geta komið hingað í maí eða júní. Í sama brjefi er þess getið að í Norður-Ameríku hafi verið mjög snjóamikill vetur t. a. m. 7. janúar var svo mikil stórhrið, að vagna fennti í kaf á járnbrautunum og allir vegir tepptust, og mörg hundruð manna liðu bana af, svo jeg vil nú snúa við þeim orðum herra Lambertsens, sem þjer birtuð í vetur, og segja að líklegt sje, að þeir sem áformað hafa að flytja til Norður-Ameríku sjái sig um hönd, og flytji heldur suður til Brasilíu, nema ef þeir vilja ekki missa af stórhriðunum.”

Jaktin Rachel fórst 4. ágúst 1872 í Jótlandshafi eftir að stórt barkskip hafði siglt á það í myrkri. Mannbjörg varð en allur farmur á leið til Íslands sökk með skipinu. Í því var auk bréfsins til verðandi Vesturheimsfara pappír til að prenta Nordanfara. Jónas Friðfinnsson hefur skrifað nýtt bréf og sent Jakobi þegar hann mörgum mánuðum seinna frétti af slysinu og það er bréfið eftirpreiða:

Háttvirtu landar og fjelagsbræður!

Þar sem einstöku kunningjar mínir, hafa látið í ljósi löngun ýmsra landsmanna á að heyra ýmsar nákvæmari upplýsingar hjeðan, enn jeg hefi hingað til skrifað, vil jeg nú í stuttu máli skýra frá ýmsu því sem jeg álít mestu varða fyrir þá sem hug hafa á að flytja hingað og er það þá fyrst og fremst að minnst á búskapar aðferð brasilíensku bændanna hjer í fylkinu; og svo þar næst hvernig útlendir aðkomumenn til haga búskapar aðferð sinni, eður hvernig þeir byrja búskap hjer; sömuleiðis um loptslag og veðuráttufar, frjófsemi jarðarinnar og svo frv.

Þetta fylki (Provins Paraná) er eitt af þeim strjálbyggðustu og minnst ræktuðu fylkjum í Brasilíu; en þó eitt hið heilnæmasta og bezt lagaða til kvikfjárræktar og akuryrkju, og er því hörmulegt að sjá þetta fagra og frjófsama land í þessari æskilegu veðurbliðu, sem er að kalla eilíft vor og sumar, skuli liggja að mestum hluta ónotað, og jafnframt sjá í anda Íslendinga berjast um á þeirri köldu og ófrjósömu «Ísafold».

(Hér sleppi ég uppskrift á miðkafla bréfsins en hann fjallar m.a. um hvað menn rækta þarna suður frá og um verð á afurðum.)

Menntun þjóðarinnar hjer hefur verið og er á flestu á stöðum á lágri tröppu, en þó er það nú að vona að þetta fari bráðum batnandi, að minnsta kosti hjá þeim sem búa í stöðunum, því verið er nú að stofna skóla á ýmsum stöðum í keisaradæminu, til menntunar fólkinu í mörgum vísindagreinum. Barnaskólar hafa verið að undanförn í hverjum stað fleiri og færri eptir stærð staðanna, en þar í verður nú einungis kennt að lesa, skrifa og reikna. Meðal bændanna eru eigi margir sem kunna að lesa eður skrifa því síður nokkuð annað hvað menntun áhrærir. Þeir álíta sig hólpna og lukkulega fyrir þetta og annað líf, ef þeir hafa í húsum sínum nóg af helgum myndum og líkneskjum, hverjum þeir eigi heldur gleyma að gjöra alla virðing og tilbeiðslu því þeir eru þeim allt í öllu, og ef þeir vilja hafa einhverjar óskir uppfylltar, biðja þeir þessa húsguði sína og heita á þá gjöfum eður að halda þeim hátíð, og þá er nú eigi að tvíla að þeir fái bænheyrslu. Það er hörmulegt að vita hvað fólk hjer er vilt og óupplýst í trúarbrögðunum, og vil jeg þessu til sönnunar geta um einungis eitt atriði, sem er það, að prótistantar þeir sem andast, verða eigi jarðsettir í katólskum kirkjugarði, á þeim stöðum sem enginn prótistantiskur kirkjugarður er, verða þeir jarðaðir utangarðs, og fyrir hefir komið, að prestar eður byskupar hafa látið grafa upp lík þeirra, ef þeir í ógáti eður fyrir ókunnugleik höfðu verið jarðaðir í kirkjugarði, og grafa þá utangarðs. En hvað merkilegt það er að prestar eigi hafa á móti að fólk af báðum trúarflokkunum giptist saman, en þetta kemur náttúrlega fyrir, því þar af hafa þeir hag, því fyrir utan þá vanaborgun sem prestar fá fyrir giptingu, þurfa prótistantar að gefa honum 20 milr. í staðin fyrir að fram vísa katólsku skírnarattesti.

Brasilíanar eru yfir höfuð að tala viðfeldnir, hjálpsamir og gestrisnir, einkum við þá sem eru glaðværir og viðfeldnir í viðmóti við þá. Þjóðverjar eru og svo yfir höfuð viðfeldnir menn, en hvað hjálpsami og gestrisni snertir, eru þeir eigi svo fljótir á sjer við þá sem þeir eigi þekkjja.

Jeg álít ekki vert fyrir mig að fara fleiri orðum um þettað hjer að ofan skrifaða, því ef jeg skyldi skrifa greinilega um allt, svo þið gætuð fengið rjetta hugmynd um hvað eina, þá yrði það meira mál enn svo, að því yrði komið í eitt brjef. Jeg vona og svo, að þeir sem trúa á annað borð því sem jeg skrifa hjeðan, láti sjer nægja með það sem komið er, og svo þann viðbætur, að jeg álít það enga áhættu fyrir bændafólk eður handverksmenn af Íslandi og sízt fyrir þá hina sömu, sem eiga við heldur erfið kjör að búa, að flytja hingað, því hjer þarf enginn sem hefir heilsu og vill vinna, að líða skort á lífs viðurværi; og hjer er hver frí og frjáls að setja sig niður hvar sem hann vill, og iðka þann atvinnuveg sem hverjum bezt líkar.

Hvað jeg álít muni verða það óþægilegasta fyrir landa mína, ef þeir kæmu hingað, er það óviðfeldna matarhæfi, sem menn hafa hjer við vegagjörðirnar, og yfir höfuð við alla vinnu útifrá; það eru nefnilega svartarbaunir með »mandiok« farin (Farinha de Mandioca) og þurkað kjöt, þetta er vanalegast tvisvar á dag, og svo hrísgrjón til einnar máltíðarinnar, og kaffi á morgnana. Þessi fæða er kröptug fyrir þá sem hafa góðan maga, en Íslendingar eru vanir við svo mikla mjólk og mjólkurmat að jeg álít að þessi fæða yrði þeim ógeðfeld, einkum fyrst. Þar jeg álít að margir hafi ótta fyrir höggormum og óargadýrum vil jeg eigi gleyma að geta þess, að sú hætta sem manni er búin af þessu er eigi svo stór sem margur setur sjer fyrir sjónir. Það kemur mjög sjaldan fyrir að þetta verði mönnum að bana.

Þeir sem framvegis kynnu að hafa löngun til að flytja hingað og vantar fje til ferðakostnaðar geta sent mjer nöfn sín og síns bústaðar, vil jeg þá sjá til að útvega þeim fría ferð hingað ef þess er kostur.

Jeg vil geta þess að allur fatnaður sem er hentugur á Íslandi um sumartímann, er líka hentugur hjer, búshluti þá, sem tíðkast á Íslandi, er eigi vert að taka með sjer, að undanteknu kaffikötum og kaffikvörnum, steikarapönnum og smápottum. Þeir sem eru handverksmenn skyldu hafa með sjer verkfæri sín, og nauðsynlegt væri að menn hefðu með sjer góðar langviðarsagir (tvískeptur) og stórar þversagir til að saga með í sundur trjen, því þær eru víst mikið ódýrari í Norðurálfu enn hjer. Plóga og herfi skyldu þeir líka kaupa sjer, í það minnsta 1 eða 2 til að flytja hingað, þó væri herfið máske ekki svo nauðsynlegt, því það er óþægilegt í flutningi og því gætu menn komið sjer upp hjer. Ull og ullarband skyldi kvennfólk hafa með sjer, til að geta prjónað sokka á skipinu. Betra álít jeg að menn fái sjer útlenda skó, stígvjel og töflur heldur enn að vera með sínum íslenzku sauðskinnslöðrum, því þeir mundu ekki halda lengi hjer, og þar að auki yrðu menn narraðir af öllum öðrum þjóðum fyrir þá. Hreinlæti verða menn að stunda á skipinu sem auðið er, og hlýða vel fyrirskipun skipstjóra.

Curitiba 28. nóvember 1872,

Jónas Fr. Bárðdal.

Adress: Curitiba Provincia Paraná Brasil.

Á eftir þessu langa bréfi í Norðanfara stendur eftirfarandi auglýsing:

AUGLÝSING.

Þeir sem hafa sent mjer nöfn sín til Brasilú farar síðan 20. f. m., mega ekki búast við að fá far, ef til vill, fyrr en á öðru sumri, þó jeg sendi nöfn þeirra með vorskipum, sem fyrst fara.

Brettingsstöðum 19. marz 1873.

Jakob Hálfðánsón.

Haustinu áður en bréf Jónasar birtist kom eftirfarandi fram í Norðanfara.

NORDANFARI, Akureyri 15. október 1872

Úr brjefi frá Cand. M. Eiríkssyni í Kaupmannahöfn dags. 12. ágúst 1872 til Magnúsar Guðmundssonar á Halldórsstöðum í Reykjadal í Þingeyjarsýslu.

„Þegar Jónas Fr. Bárðdal í Curitiba hafði fengið brjef yðar með nafnalista yfir 42 Íslendinga, talaði hann við fylkisstjóra sinn (Præsident), gaf honum nöfnin, og bað hann að skrifa stjórninni í Rio Janeiro, og biðja hana að gefa braselíanska generalkonsúlnum í Kaupmannahöfn leyfi til að taka á móti þeim persónum, sem á hinum áðurnefnda lista standa (ásamt öðrum fleirum, sem bætast kynnu við síðar) og senda þá hingað á kostnað stjórnarinnar hjer (í Rio). Þetta hefir fylkisstjórinn gjört, því undir eins og brjef Jónasar til mín kom hingað, hafði líka braselíanski Consúllinn fengið skeyti um þetta frá stjórninni í Rio ásamt nafnalistanum, sem hann gaf mjer afskript af.

Jeg hefi nú fengið að vita hjá Consúlnum hvernig á stendur, og af því Jónas hefir beðið mig að skrifa yður „svör og athugasemdir Consúlsins“, læt jeg yður hjer með vita að hann

gekkst við því, að stjórnin í Rio vildi veita tjeðum Íslendingum fría ferð frá Íslandi til Brasilú; en hann sagði þeir yrðu sjálfir að sjá fyrir að komast niður til Hafnar, og gjöra sjer ómak fyrir að komast hingað nokkurn veginn á sama tíma, ef mögulegt væri, því þegar þeir væri allir hingað komnir, mundi hann sjá um að koma þeim til Brasilú, og annaðvort koma þeim í skip hjá öðrum, eða, ef í hart færi, legja skip handa þeim. Þeir yrðu því að leitast við, að koma með skipum, sem færi nokkurnvegin á sama tíma frá Íslandi. Ef að þeir sem fara vilja í þetta sinn t. a. m. allir gætu komizt með ferð í október, þá gætu þeir líklega, ef allt gengi nokkurn veginn slysalaust, komizt hingað í nóvember, og yrði þá, ef til vill, ekki svo mjög langt á milli komu þeirra. Því mjer skildist á honum, eptir því sem adjunct Jón Sveinsson, sem jeg fjeck með mjer, sagði mjer, að hann ekki vildi lofa neinu með tilliti til þess, sem vera þeirra í Höfn kynni að kosta, einkum þeirra, sem yrðu að vera hjer nokkuð lengi, ef langt yrði á milli komu þeirra. En það getur þá heldur ekki orðið svo háskalegt, þó þeir yrðu að borga fyrir sig svo sem mánaðartíma í Höfn eða rúmlega það, ef þeir þurfa ekki að borga neitt annað. Með tilliti til þeirra, sem kynnu að bætast við þá 42, sem standa á listanum, sagðist hann ekki geta lofað að borga ferðina frá Íslandi til Hafnar, en sagði að hann samt mundi sjá fyrir þeim þegar þeir væru hingað komnir.”

Þess skal enn fremur geta, að Cand. M. Eiríksson meðtók brjef Jónasar Bárðdals 20. júlí í sumar sem er dags. í Curitiba 5. júní þ. á.

(Magnús Guðmundsson sem þetta bréf er stílað á er bróðir Kristjáns Guðmundssonar sem fyrstur fór til Brasilú eins og Jakob getur um. Magnús fór með föður sínum og systrum í ofangreindum hópi. Móðir þeirra treysti sér ekki til fararinnar og varð eftir heima í Reykjadal.)

Í sjálfsögu Jakobs Hálfðanarsonar getum við lesið um framhaldið.

“Loksins kom þar, að 33 íslenskar sálir fluttu sumarið 1873 til Brasilú og settust þar að á hálendinu umhverfis Curitiba. Eftir 14 ár var einungis 1 af þessum 33 dáinn, - hinir lifðu við þægilegar kringumstæður, en ekki ríkidæmi. Um leið losaðist ég við afskipti af útflutningsmálum, enda fóru nú aðrir að hyggja til Norður-Ameríku, og munu þeir fyrstu þetta sumar hafa flutt þangað.”

En af hverju var Jakob ekki sjálfur með í þessum hópi? Fyrstu árin eftir að Jónas Hallgrímsson skilur konu sína og börn eftir í umsjá Jakobs halda veikindi og dauðsföll aftur af honum. En 1866 rennur upp ögurstundin:

”Á þessu ári var það, að svo miklar hvatir komu í bréfum frá Jónasi Hallgrímssyni frá Brasilú, að ég ásamt öðrum fleiri, þó fáum, tók nú þann fasta ásetning að flytja með konur og börn okkar beggja næsta sumar til Brasilú. Formaði ég þetta á þann hátt, að ég seldi nokkuð af búinu, en átti vísa kaupendur af leifunum, og leyfi til að brúka ¼ af jörðinni til vara. Far pantaði ég til Kaupmannahafnar með verslunarskipi frá Húsavík, því önnur tækifæri gáfust ekki til flutninga hér frá landi. Og ekki var þó nema um 1 skip eða eina skipsferð að gjöra og fór svo þegar til kom, að ferðum skipsins var breytt svo til, að mér var ómögulegt að fá farið, og þá engan veginn að komast. Árið færði svo þá frétt sem eyddi hálfum hug, þar sem nú fréttist fráfall Jónasar Hallgrímssonar, 13. apríl 1867, og ég hvarf er frá leið algjört frá útflutningnum fyrir mig, en var samt einatt knúinn til að halda uppi skrifum, bæði við Jónas Friðfinnsson, sem var sestur að í Curitiba (bæ á hálendinu). Einnig við brasilískan consul í Kaupmannahöfn og var það adjunkt Jón Sveinsson, hálfbróðir Hallgríms biskups, sem gekk á milli við konsúlinn og skrifaðist á við mig um þetta. Og svo aftur við menn hér um sveitir, sem einatt vildu komast og sneru sér nú ekki nema til mín fyrir það, að hinir skrifuðu mér einum.”

Jakob skrifar líka:

„Ljóst er mjer nú, að mannúðlegra var að benda löndum sínum til að nema land í Suður-Brasilú, heldur en í Kanada, eftir því sem jeg hefi kynst sögnum um fyrstu tíma landa vorra, sem til þessara beggja landa fluttu á 8. tug næst liðinnar aldar.”

Þegar Jakob á gamals aldri rifjar upp þessa atburði og skrifar niður, hafa ártöl eitthvað færst til því Jónas deyr ekki fyrr en vorið 1870. Samkvæmt Íslendingabók eru fæðingar- og

dánardægur hans 28. janúar 1822 og 17. apríl 1870. Jónas var því 14 árum eldri en Jakob og 41 árs þegar hann lagði af stað til Brasilíu. Konu sína og börn sá hann aldrei aftur.

Ög hvernig ætli okkur afkomendum Jakobs liði orðnir reyklitaðir í sólinni hefði forfaðir okkar ekki orðið tvístíga? Ög hvernig hefði félagshreyfing Suður-Þingeyinga þróast?

Hjá sjálfum mér hef ég alltaf fundið taug til Brasilíu hvaðan sem hún kemur. Á mennta-skólaárum var ég fastráðinn í að læra seinna verkfræði og reyna svo fyrir mér í Brasilíu. En smám saman komst ég á sömu skoðun og margir aðrir, að Brasilía er svo sannarlega land framtíðarinnar, en muni því miður alltaf verða það. En lengi brennur í gömlum glæðum því 1997 komst ég til Venesúela og réð mig þar til vinnu. Þá var norska fyrirtækið Elkem að ná um það samningum að kaupa þar af ríkinu kísiljárnverksmiðju sem átti að einkavæða. Hefði ég þá verið í 4 manna hóp sem átti að taka við stjórn verksmiðjunnar og koma henni í skikkanlegan rekstur. Það voru hinsvegar Spánverjar sem fengu verksmiðjuna fyrir framan nefið á Elkem, því þeir töluðu spönsku og þekktu hvernig átti að liðka til fyrir slíkum viðskiptum, sögðu Elkem-menn. Ög eftir það hef ég horfið algjört frá útflutning fyrir mig, eins og langafi orðaði það!

Apríl 2012, Jón Hálfðanarson

